

Sýna ótal möguleika harmonikunnar



Helga Kristbjörg, Jón Þorsteinn og Jónas Ásgeir vissu hvert af öðru í gegnum harmonikuna en kynntust ekki fyrr en í náminu í Kaupmannahöfn. »Við kynnt...

Úr öllum áttum Helga Kristbjörg, Jón Þorsteinn og Jónas Ásgeir koma hvert úr sínum landshlutanum en kynntust betur í náminu í Kaupmannahöfn.

Erla María Markúsdóttir erla@mbl.is

Helga Kristbjörg, Jón Þorsteinn og Jónas Ásgeir vissu hvert af öðru í gegnum harmonikuna en kynntust ekki fyrr en í náminu í Kaupmannahöfn. »Við kynntumst nánar í náminu og náðum svona líka vel saman og ákváðum að stofna saman harmonikutríó. Fyrsta gíggið okkar var í neðanjarðarlestarstöð og það gekk svo vel að við héldum áfram,« segir Helga Kristbjörg. Þau koma frá þremur mismunandi stöðum á landinu, Helga Kristbjörg frá Ísafirði, Jón Þorsteinn úr Skagafirði og Jónas Ásgeir úr Breiðholti. »Það gerir það bara skemmtilegra að við komum alls staðar að, við höfum öll okkar eigin sambönd og ferðumst um sveitir hvert annars,« segir Jónas Ásgeir, eina borgarbarnið í hópnum. Tríóið var einmitt statt á bænum Mýrarkoti í Skagafirði, þar sem Jón Þorsteinn ólst upp, þegar blaðamaður náði tali af hópnum. »Við erum bara hérna á bænum hjá foreldrum mínum í sveitasælunni. Hér er heitur pottur og gott að æfa sig,« segir Jón Þorsteinn. Fyrstu tónleikar íTrío fóru fram í Miklabæjarkirkju í gær og á sunnudag munu þau halda tónleika í Norðurljóssal Hörpu, en tríóið fékk styrk frá Ýli, tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk. Hópurinn hefur spilað saman frá því haustið 2015 og eru þau öll nemendur prófessors Geirs Draugsvoll í Konunglega danska tónlistarháskólanum. Þau hafa komið fram bæði á klassískum tónleikum sem og við önnur tilefni. Einnig hafa þau spilað á meistaranámskeiði finnska harmonikuprófessorsins Matti Rantanen.

Óteljandi möguleikar harmonikunnar

Það verður að teljast sérstakt að af 14 nimum við harmonikudeild skólans eru þrír íslenskir. Eitt af markmiðum tríósins er að opna augu fólks fyrir möguleikum harmonikunnar og útvíkka og þróa ímynd hljóðfærisins á Íslandi og vinna náið með íslenskum tónskáldum. Jafnframt vilja þau vera ungum tónlistarunnendum fyrirmynd, veita þeim innblástur og sýna að harmonikan er góður valmöguleiki í tónlistarnámi. En af hverju varð harmonikan fyrir valinu?

»Ég lærði í tónlistarskólanum á Ísafirði og valdi harmonikuna eftir að ég fór á hljóðfærasýningu, mér leist best á hana,« segir Helga Kristbjörg. Hún fór síðar í Listaháskólann þar sem hún var fyrsti harmonikunemandinn. »Ég sótti um og það var fenginn kennari fyrir mig. Eftir útskrift fór ég að kenna á harmoniku á höfuðborgarsvæðinu í tvö ár. Ég ákvað svo að fara í meira nám og fór til

Kaupmannahafnar.« Helga Kristbjörg lauk mastersnámi í vor en ætlar að búa áfram í Kaupmannahöfn og spila sjálf og með tríóinu.

Jón Þorsteinn ólst upp á mjög tónlistarríku heimili, en móðir hans er tónlistarkennari og organisti.

»Mamma keypti harmoniku þegar ég var mjög lítill. Bróðir minn sem er fimm árum eldri en ég byrjaði að spila á þessa litlu harmoniku og þegar hann fékk stærri harmoniku þegar hann var orðinn eldri fékk ég þessa litlu. Ég leit upp til hans og fannst mjög töff að hann væri að spila á harmoniku. Þegar ég var 8 ára fór ég að læra á hljóðfærið, en þá var ég aðeins búinn að læra á blokkflautu og píanó.« Jón Þorsteinn segir kostinn við að búa í litlu samfélagi vera falinn í því að hafa fengið fjölmörg tækifæri til að koma fram. »Ég hef til dæmis spilað mikið á Vesturfarasetrinu á Hofsósi og á alls konar jólaböllum með bróður mínum. Ég fékk því mörg tækifæri snemma til að koma fram.« Jón Þorsteinn lauk framhaldsþrófi á harmonikuna í Tónlistarskóla Skagafjarðar og útskrifaðast á sama tíma úr Framhaldsskólanum á Sauðárkróki. »Ég flutti svo suður til Reykjavíkur og var heilmikið að spila þar og söng einnig í ýmsum kórum.« Jón flutti svo til Danmerkur fyrir fjórum árum og hóf nám í Konunglega danska tónlistarháskólanum.

Jónas Ásgeir byrjaði að læra á harmoniku níu ára gamall í Tónlistarskóla Eddu Borg, hjá Guðmundi Samúelssyni. »Ég vildi vera aðeins öðruvísi en allir hinir krakkarnir og kennarinn minn hafði svo mikla ástríðu fyrir harmonikunni sem heillaði mig upp úr skónum,« segir Jónas Ásgeir. Hann lauk framhaldsþrófi árið 2013 og fór ári seinna til Kaupmannahafnar. »Svona til að elta Jón og Helgu.«

Nútímalegt en fjölbreytt tríó

Nafn tríósins, ÍTrío, á sér skemmtilega sögu. »Við lesum öll nótur af iPad og í kjölfarið byrjaði kennarinn okkar og samnemendur að kalla okkur iTrio í gríni. Við íslenskuðum það í ÍTrío sem getur staðið fyrir Ísland eða það að við séum öll »í tríói«,« segir Helga Kristbjörg. Þó svo þau nýti sér nýjustu tækni við spilamennskuna vilja þau halda uppi fjölbreyttri efnisskrá með verkum frá ólíkum tímabilum og stílum til að höfða til sem flestra áheyrenda, meðal annars með samtímatónlist, barokktónlist, þjóðlögum, tangó og rytmískum og mínímalískum verk. Tónleikarnir á morgun verða engin undantekning þar sem tónleikagestir munu upplifa tilfinningakalt finnst rifrildi, sjóðheitan sígaunagleðskap, blóðheitan argentískan tangó, draumkennda geimferð meðal stjarnanna og ef til vill franska tóna og dúndrandi klúbbamúsik, að sögn tríósins.

Eitt af markmiðum tríósins er einnig að vekja athygli á harmonikunni sem hljóðfæri og möguleikum hennar. »Okkur langar að kynna fyrir fólki hvað harmonikan hefur upp á að bjóða og útvíkka þá hugmynd sem fólk hefur um hljóðfærið,« segir Helga Kristbjörg. »Maður er ennþá að reka sig á það að fólk verður mjög hissa á tónlistinni sem hægt er að spila á harmonikuna og það er ljóst að það er mikið verk fram undan að kynna hljóðfærið,« segir Jón Þorsteinn og telur það vera spennandi tækifæri. »Það er gaman að þó svo að það sé árið 2016 er ennþá hægt að kynna nýja hluti og möguleika fyrir fólki.«

Keppa í helsta

harmonikubæ heims

Hópurinn undirbýr sig nú fyrir harmonikukeppni á Ítalíu sem fram fer í september. »Keppnin er haldin á hverju ári í bænum Castelfidardo, sem er mesti harmonikubær í heimi, en þar eru margar harmonikuverksmiðjur þannig að maður getur farið í skoðunarferðir og það er mikil harmonikustemning í bænum,« segir Helga Kristbjörg. Flokkarnir eru fjölmargir og ætlar tríóið að taka þátt í kammerkeppni.

Auk þess ætlar Jónas Ásgeir að taka þátt í einleikarakeppninni. »Þetta er ein af stærstu keppnunum sem hægt er að taka þátt í,« segir Jónas Ásgeir, sem ætlar líklega að flytja klassíska eða nútímatónlist í keppninni. »Í bachelor-náminu er maður aðallega að reyna að þróa tæknina og í Kaupmannahöfn er mikið um nútímatónlist og klassík í bland og ég er að einbeita mér að því núna og þróa stílinn. En svo kemur að því að maður þarf að ákveða hvað maður ætlar að gera, en núna finnst mér ótrúlega gaman að spila allt sem ég get fengið. Með tríóinu er ég að spila meira popp og svo er ég í tangósveit. Það er gaman að þessu öllu.« Jónas Ásgeir lýkur grunnnáminu á næsta ári og stefnir á masterinn líkt og Helga Kristbjörg og Jón Þorsteinn. »Svo langar mig í skiptinám til Peking í Kína. Eftir það er aldrei að vita hvað ég geri.« Jón Þorsteinn á eitt ár eftir af meistaranáminu og leitar hugurinn heim fljótlega

eftir það, telur hann. »Þá tekur við að spila og kenna hérna heima og miðla þessari harmonikureynslu áfram.« Næsta verkefni á eftir keppninni er komið á hreint, en það er einnig á Ítalíu. »Við munum koma fram á tónlistarhátíð á Suður-Ítalíu í október, í einum elsta bæ í heimi, Matera og verðum lokaatriðið þar,« segir Helga Kristbjörg.

>> Harmónikutríóið ÍTrío er skipað þremur íslenskum nemum við Konunglega danska tónlistarháskólann, þeim Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur, Jóni Þorsteini Reynissyni og Jónasi Ásgeiri Ásgeirssyni. Tríóið vill opna augu fólks fyrir möguleikum harmonikunnar. Þau héldu sína fyrstu tónleika hér á landi í gær í Skagafirði og munu endurtaka leikinn í Norðurljóssasal Hörpu á morgun, sunnudag.

Tónleikar ítrío fara fram í Norðurljóssasal Hörpu klukkan 14 á morgun, sunnudag. Hægt er að nálgast miða á vefsíðu Hörpu, www.harpa.is.